

Ragnar Borg, formaður Myntsafnarafélags Íslands, afhendir Halldóri E. Sigurðssyni Forsetapeningana til minningar um sýninguna FRÍMERKI — '75. Á milli þeirra stendur Konráð Axelsson.

Frímerki - '75:

Sameiginleg sýning mynt- og frímerkjasafnara


MYNT- og frímerkjasýningin FRÍMERKI — 75 var opnuð í gær af samgöngumálaráðherra, Halldóri E. Sigurðssyni, í Hagaskóla í Reykjavík. Þetta er sameiginleg sýning Landssambands ísl. frímerkjasafnara og Myntsafnarafélags Íslands og sögðu forráðamenn félaganna við opnun sýningarinnar, að það væri von og ósk þeirra að nánara samstarf mætti verða milli félaganna í framtíðinni. Sýningin stendur til sunnudagskvölds 15. júní en þar eru sýndir hlutar úr fjölmörgum einkasöfnum.

Þetta er í annað skipti, sem frímerkjasafnarar halda sýningu í þeim tilgangi að fá úr því skorið, hvort einkasöfnin eru hæf til þátttöku í sýningum erlendis, en þar er nú hvarvetna gerð sú krafa, að söfnin hafi áður hlotið a.m.k. silfurverðlaun á sýningum í viðkomandi landi. Þeir, sem hljóta slík verðlaun á þessari sýningu, öðlast m.a. rétt til að keppa á sýningu í Kaupmannahöfn. 1976 og í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum.

Meðal sýnenda á þessari sýningu eru 7 gestir frá Færeyjum, sem sýna 12 söfn í 21 ramma. Á meðan færeysku frímerkjasafnararnir dvelja hitta þeir íslenzka frímerkjasafnara. Þau söfn Færeyinganna, sem hljóta silfurverðlaun eða hærri öðlast meðal annars rétt til þátttöku á mótinu í Kaupmannahöfn og bentu forráðamenn sýningarinnar á að ánægjulegt væri að geta með þessu stuðlað að vexti og viðgangi frímerkjasöfnunar í Færeyjum.

Þetta er fyrsta sameiginlega sýning L.Í.F. og Myntsafnarafélags Íslands. Samtals eru sýndar myntir í 24 römmum og kennir þar ýmissa grasa, bæði eru þarna seðlar og myntir. Forráðamenn Myntsafnarafélags Íslands afhentu Halldóri E. Sigurðssyni, samgöngumálaráðherra, eintak af Forsetapeningunum, sem gefnir voru út á þessu ári, til minningar um sýninguna. Í ávarpi, sem Halldór E. Sigurðsson flutti við opnun sýningarinnar, kom m.a. fram að póststjórnin hefur alltaf kappkostað að eiga sem bezt samstarf við safnara. Þá gat hann þess að nýlega hefðu Samtök bandarískra frímerkjablaðamanna veitt póststjórninni árlega viðurkenningu fyrir góða fyrirgreiðslu og er Ísland 7. landið, sem hlýtur þessi verðlaun.

Ársþing Landssambands ísl. frímerkjasafnara verður haldið í dag kl. 2.00 í Hagaskóla. Á meðan á sýningunni stendur starfar sérstakt pósthús í Hagaskóla.



NÝR MARKAÐUR — Bræðurnir Bjarni Ásgeir (t.v.) og Kristján Ingi Jónssynir í nýjum blóma- og grænmetismarkaði Garðshorns.

Garðshorn hefur opnað nýjan blóma- og grænmetismarkað

GRÓÐRARSTÖÐIN Garðshorn hefur opnað nýjan blóma- og grænmetismarkað á svæði sínu á horni Hafnarfjarðarvegar og Sléttuvegar. Markaðurinn er í 200 fermetra húsnæði sem nýbúið er að reisa. Í jafnstórum kjallara undir verzlunarhúsnæðinu er vinnuaðstaða og geymslur.

Á þessum nýja markaði verða á boðstólum afskorin blóm, sumarblóm, trjáplöntur, pottablóm, skreytingar og allar aðrar algengar blómavörur. Áherzla verður lögð á að hafa ætíð á lager tilbúna ódýra blómvendi. Þá verða þarna til sölu allar algengustu tegundir grænmetisvöru. Markaðurinn var opnaður á fimmtudaginn í síðustu viku og framvegis verður opið alla daga vikunnar frá klukkan 10 til 22.

Eigandi Garðshorns er Bjarni Ásgeir Jónsson garðyrkjubóndi. Þótt hann sé aðeins 23 ára gamall hefur hann rekið Garðshorn um þriggja ára skeið, en áður voru Þorgrímur Einarsson garðyrkjubóndi og Sigríður kona hans eigendur stöðvarinnar og þau stofnuðu hana og byggðu upp. Skreytingamaður verður Kristján Ingi Jónsson, bróðir Bjarna. Þess má geta hér til gamans, að faðir þeirra, Jón V. Bjarnason, er einnig garðyrkjubóndi að Syðri-Reykjum í Mosfellssveit. Eru þeir feðgar allir lærðir garðyrkjumenn.

Fjölbreytt efni Sögu 1974

SAGA, tímarit Sögufélagsins, fyrir árið 1974 er nýkomið út. Ritstjórn þess annast Björn Sigfússon, Björn Teitsson og Einar Laxness.

Af efni ritsins má nefna grein eftir Björn Þorsteinsson um Guðna heitinn Jónsson prófessor, Meistari Brynjólfur byggir ónstofu eftir Hörð Ágústsson, Í ríkisráði eftir Gísla Jónsson; Árni Þórðarson, Smiður Andrésson og Grundar-Helga eftir Einar Bjarnason, Bréf Valtýs Guðmundssonar til Skúla Thoroddsens, fyrri hluti, í umsjá Jónas Guðnasonar, Nokkrar athuganir á kenningum Einars Pálssonar um trú og landnám Íslands til forna eftir Kolbein Þorleifsson, Andmæli við doktorsvörn Aðalgeirs Kristjánssonar um Brynjólf Pétursson eftir Björn Þorsteinsson.

Loks má nefna ritfregnir og ritaukaskrá um sagnfræði og ævisögur, sem Ingi Sigurðsson tók saman.

Sögufélagið var stofnað 1902, einkum til eflingar rannsókna á sögu Íslendinga eftir siðaskipti.



Guðmundur Karl sýnir á Kjarvalsstöðum

Í GÆR, laugardag 14. júní opnaði Guðmundur Karl Ásbjörnsson, listmálari, málverkasýningu á Kjarvalsstöðum. Á sýningunni eru 92 verk og eru flest þeirra máluð á Reykjanesskaganum og mörg í Bláfjöllum. Guðmundur hóf að mála fyrir alvöru árið 1959 en hafði áður fengizt lítillega við málun. Síðast sýndi Guðmundur Karl 1973 á vegum Björgunarsveitarinnar Stakks í Keflavík og þar á undan árið 1971 í Þýzkalandi í boði borgarstjórnarinnar í Müllheim. Í Reykjavík sýndi hann síðast árið 1966 og þá í sýningarsalnum í Klúbbnum.

Árið 1960 fór Guðmundur til Ítalíu eða nánar tiltekið til Flórens og tók þar próf frá Ríkislistaháskólanum 1964. Þaðan fór hann haustið til Barcelona á Spáni og lét innrita sig í listaskóla til að læra viðgerðir á málverkum. Þarna fékk hann innsýn í verk gömlu meistaranna.

Á opnunardaginn, í dag kl. 16.00 verður á sýningunni sérstök dagskrá, sem nefnd er ljóðatónlist. Flytjendur eru Geirlaug Þorvaldsdóttir, leikkona, sem les ljóð eftir íslenzk nútímaskáld við undirleik þeirra Ásdísar Þorsteinsdóttur á fiðlu og Janet Pechar, en þær eru báðar úr Sinfóníuhljómsveitinni. Sýningunni lýkur 22. júní n.k. og er hún opin milli kl. 14 og 22 á helgum dögum og 16 til 22 á virkum dögum.

Góða ferð til Grænlands

Til Kulusuk fljúgum við 5 sinnum í viku með Fokker Friendship skrúfuþotum okkar. Ferðirnar til Kulusuk, sem er á austurströnd Grænlands, eru eins dags skoðunarferðir, lagt er af stað frá Reykjavíkurflugvelli, að morgni og komið aftur að kvöldi. Í tengslum við ferðirnar til Kulusuk bjóðum við einnig 4 og 5 daga ferðir til Angmagssalik, þar sem dvalið er á hinu nýja hóteli Angmagssalik.

Til Narssarssuaq, sem liggur sunnarlega á vesturströnd Grænlands, er flogið 4 sinnum í viku frá Keflavíkurflugvelli með þotum félaganna eða SAS. Flestir þeir sem fara til Narssarssuaq dvelja þar nokkra daga, en kostur gefst á lengri dvöl ef vill. Í Narssarssuaq er gott hótel með tilheyrandi þægindum, og óhætt er að fullyrða að enginn verður svikinn af þeim skoðunarferðum til nærliggjandi staða, sem í boði eru.

Í Grænlandi er stórkostleg náttúrufegurð, og sérkennilegt mannlíf, þar er að finna samfélagshætti löngu liðins tíma.

Þeir sem fara til Grænlands í sumar munu örugglega eiga góða ferð.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS LOFTLEIÐIR

Félög þeirra sem ferðast

